

**Nr. 153 /13 Ingibjörg SH 174****Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2615  
Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast  
Stærð: 11,1 brl. 14,8 bt.  
Mesta lengd: 11,78 m Skráð lengd: 11,46 m  
Breidd: 3,64 m Dýpt: 1,3 m  
Vél: Cummins 302 kW, 2004  
Fjöldi skipverja: 1

**Gögn:**  
Gögn RNS



Ingibjörg ©Skinasmíðastöðin

Málið afgreitt á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. október 2013 var Ingibjörg SH 174 á siglingu frá Reykjavík til Ólafsvíkur. Veður: Logn

Þegar Ingibjörg var stödd um átta sml. suður af Malarrífi varð skipstjóri var við að þrýstingur á vökvakerfi þilfarsbúnaðar hafði fallið. Við skoðun kom í ljós að olían hafði farið fyrir borð með kælisjónum og stöðvaði skipstjóri þá vélina.

Þar sem vökvadælan var fasttengd gírnum og snerist á meðan vélin gekk ákvað skipstjórinn að kalla eftir aðstoð til hafnar til að ekki yrðu skemmdir á dæluinni. Kom björgunarbáturinn Sæbjörg II Ingibjörgu til hafnar á Arnarstapa.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ekki var hægt að taka kælibúntíð úr húsinu (einnota kæli) og því ekki hægt að skoða ástand (tæringu) utan á pípum;
- að skipstjóri taldi að lítill þrýstingur væri í kerfinu enda kælinn á bakfallslögninni. Hann sagðist síðar hafa sagað kælinn í sundur og þá komið í ljós að pípunar voru tærðar.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.